Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 01.07.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

**Reykjavíkurflugvöllur, breyting á deiliskipulagsmörkum**
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst staðsetning á nýju hliði, breytt afmörkun girðingar og breyting á deiliskipulagsmörkun til samræmis við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri og Andri Klausen frá ASK arkitektum taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

*Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:*
*Þann 29. nóvember 2019 gerðu ríkið og Reykjavíkurborg samkomulag um að starfsemi flugvallarins í Vatnsmýri verði tryggð á þann hátt að hann geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt meðan unnið væri að undirbúning og byggingu nýs flugvallar, ef hann hugsanlega kæmi. Í samkomulaginu lýsir borgarstjóri yfir vilja sínum til þess að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi til að tryggja flugvöllin í Vatnsmýrinni. Nú er ljóst að samningurinn er ekki pappírsins virði því í kynningu að gerð og auglýsingu deiliskipulags fyrir nýjan Skerjafjörð að málið er keyrt áfram af fullum þunga og þar með er kominn forsendubrestur. Síðast í morgun, 1. júlí var samgönguráðherra á allt annari skoðun en hér birtist. Ráðherrann er ekki að fatta að verið er að þverbrjóta samkomulagið. Hér er verið að leggja til aukið byggingamagn úr 800 íbúðum í 1.300. Það er ljóst að þetta svæði ræður ekki við þann umferðarþunga sem af þessari uppbyggingu hlýst. Fyrst á að leggja "framkvæmdaveg" meðfram flugvallargirðingunni sem breytast á í borgarlínu. Í mengunarkönnun er einungis 1 af 96 holum sem falla í flokkinn "mjög góður" og 16 holur falla í flokkana "slæmt og mjög slæmt". Þessar staðreyndir segja okkur að það eigi alls ekki að byggja á þessu svæði.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

Fylgiskjal: uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020.

# DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR - BREYTT DEILISKIPULAGSMÖRK OG FÆRSLA Á ÖRYGGISGIRÐINGU




GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR mkv. 1:3000




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR mkv. 1:3000



GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR (smækkaður uppdráttur)
Samþ. í Borgarráði 28.apríl 2016, með síðari breytingum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

## GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar sem samþykkt var í Borgarráði 28.apríl 2016 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að breyta deiliskipulagsmörkunum til samræmis við norðurmörk deiliskipulags Nýja Skerjafjarðar. Það landsvæði sem færist út fyrir gildandi deiliskipulagsmörk Reykjavíkurflugvallar færist yfir á deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar. Öryggisgirðing færist lítillega skv. því og nýtt hlið sett á girðinguna við flugskýli nr.3. Það er staðsett skv. deiliskipulagi Nýja Skerjafjarðar.

Einnig er lega öryggisgirðingar og mörk milli eignalands Ríkis og Borgar uppfærð á uppdrætti skv raunlegu girðingar og landaskipta norðan við og meðfram flugskýlum 2 og 3. Deiliskipulagsmörkin fylgja girðingunni. Þar er einungis verið að uppfæra samkvæmt nýrri gögnum.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

### Skýringar

- DEILISKIPULAGSMÖRK
- LANDAMÖRK Á EIGNARLANDI RÍKIS OG BORGAR, SKV. SAMKOMULAGI UM SKIPULAG OG UPPBYGGINGU Á LANDI RÍKISINS VIÐ SKERJAFJÖRÐ, DAGS. 1. MARS 2013."
- ÖRYGGISGIRÐING
- HLIÐ Í ÖRYGGISGIRÐINGU
- NÚV. BYGGINGAR SKV. LUKR
- HEIMILAÐ NIÐURRIF
- REITAAFMÖRKUN
- TILLAGA AÐ NÝJUM BYGGINGARREIT
- FRAMTÍÐAR MÖRK ÖRYGGISGIRÐINGAR
- MÖRK FLUGÖRYGGISSVÆÐIS
- FRIÐAÐAR BYGGINGAR / -MINJAR
- FLUGGARÐAR, VÍKJANDI STARFSSEMI
- HÆÐAMÖRK MANNVIRKJA

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í ____________________
þann __________ 20__ og í ____________________
þann __________ 20__.

Tillagan var auglýst frá __________ 20__ með athugasemdafresti til __________ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20_.

BREYTINGAR:

T.ark
ARKITEKTAR
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 540 5700
tark@tark.is - www.tark.is

| | |
|---|---|
| VERKHEITI | REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR<br>Tillaga að deiliskipulagi |
| VERK | Breytt afmörkun við Skerjafjörð |
| MÁL: 1:3000 / A1 | DAGS.: 26.06.2020 |
| HANNAÐ: HE | TEIKNAÐ: HE |
| YFIRFARIÐ: | |
| VERKNÚMER: 400-020 | FL: 04 TEIKNINGANÚMER: 1.1-01 GTG |
| SAMÞ.: | |

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.